






Engill og Þengill




eftir Eydísi Björnsdóttur




Einu sinni voru tvíburar sem
voru eins ólíkir og hugsast gat.




**Engill var blíðlyndur
og brosmildur.**




**Þengill var fúll
og öfundsjúkur.**





Þegar tvíburarnir fengu eins
hugsuðu þeir ekki það sama.





„Þú fékkst líka vínber!
Frábært!“ hugsaði Engill.



„ÞÚ fékkst meira en ég!“
hugsaði þengill.





Þegar tvíburarnir fengu ólíkt
sögðu þeir ekki það sama.




„ÞÚ mátt fá með mér!“


sagði Engill.




„Ég ætla að eiga mitt einn!“
sagði Þengill.




Engill gæti svo sem farið í fýlu
og sagt „Gefðu mér líka!“.




Engill gæti sagt eins og þengill
„þá máttu ekki fá með mér!“.




**En Engill vildi bara
vera Engill.**





Engill hefði getað skipað
þengli að hætta að vera fúll.




En pengill vildi bara
vera pengill.




Og þá væri Engill heldur
enginn Engill.




Og veistu hvað? Engli þótti
ósköp vænt um tvíburann sinn.




Því án þengils væri
enginn Engill.



Engill var allt það
sem þengill var ekki.




**Eins og ljósið er allt það
sem myrkrið er ekki.**




Stundum er ég eins og Engill.


Og stundum eins og Þengill.





Næst þegar ég er eins og
þengill ætla ég að prófa



að hugsa eins og Engill og
fyrirgefa mér og elska mig.



Því öllum langar okkur að
leika frekar við Engil.



Eða hvað finnst þér?

Láta mér líða vel?

Væri lífið ekki betra ef allir væru glaðir með sig og sitt?
Svo glaðir að það væri ekki þörf fyrir öfund eða eigingirni?

En þetta getur stundum bara verið ansi snúið.

Bók fyrir þessar stundir þegar okkur tekst ekki að vera
góð við aðra. Og þegar við erum ekki góð við okkur sjálf.
Bók sem minnir okkur á mikilvægi þess að líða vel.

Textinn í þessari bók notar Chelsea
Market leturgerðina sem var hönnuð
af Tart Workshop og fæst á Google
Fonts undir Open Font License.

ISBN-13: 978-9935-9031-5-0

Katla útgáfa, Reykjavík, 2016.

Fleiri barnabækur er að
finna á síðunni

www.eydis.co.uk/is



Þessi bók er gefin út undir
Creative Commons Attribution-
NonCommercial-ShareAlike 4.0
International leyfi.